

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973.

Þegar lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella meginmál þeirra, svo og meginmál laga nr. 98 28. desember 1970, um breyting á vegalögum, nr. 23 16. apríl 1970, inn í vegalög nr. 23 16. apríl 1970 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

**um ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið
1. janúar til 28. febrúar 1973.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kauplagnsnefnd skal ákveða kaupgreiðsluvísitölu fyrir tímabilið 1. janúar til 28. febrúar 1973 eftir framfærsluvísitölu 1. nóvember 1972 og að teknu tilliti til þeirrar hækkunar búvöruverðs — einnig þeirrar, er varð haustið 1972 — er eigi skal verðbætt samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Gildir þetta eins, þótt slík hækkun hafi ekki komið fram í útsöluverði sökum þess, að hún hefur verið jöfnuð með niðurgreiðslu úr ríkissjóði að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur skal taka tillit til aukinnar niðurgreiðslu búvöruverðs frá 1. desember 1972, svo og þeirrar aukningar niðurgreiðslu vöruverðs og/eða hækkunar fjölskyldubóta, sem kynni að verða ákveðin frá janúarbyrjun 1973 og stendur eigi skemur en til febrúarloka 1973.

Þá er kauplagnsnefnd heimilt að taka sérstakt tillit til þeirra hagsmuna, sem launþegar geta talizt hafa af því, að fram verði haldið að fullu niðurgreiðslu búvöruverðs, samkvæmt bráðabirgðalögum um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972, mánuðina janúar og febrúar 1973. Þetta skal þó ekki metið til meira en 1 stigs lækkunar kaupgreiðsluvísitölu.

2. gr.

Síðari málsgr. 8. gr. bráðabirgðalaga um tímabundnar efnahagsráðstafanir frá 11. júlí 1972 falli niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.